

Ár 2023, fimmtudaginn 13. júlí, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannes Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 4/2023

Knattspyrnudeild KR

gegn

Knattspyrnudeild Fylkis

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 13. júní 2023, þar sem kröfum kæranda KR var hafnað og úrslit í leik KR og Fylkis, sem fram fóru þann 12. maí 2023 voru látin standa óhöggð.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 15. júní 2023 þar sem KR gerir eftirfarandi kröfur:

Að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og Knattspyrnufélagi Reykjavíkur verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðsins gegn Fylki í Lengjudeild kvenna sem fram fór þann 12. maí 2023.

Varnaraðili Fylkir krefst þess að hafnað verði kröfum áfrýjanda KR, um að KR verði dæmdur sigur í leik liðanna sem fram fór þann 12. maí sl., og að úrslit leiksins verði látin standa óhöggð.

II

Í hinum áfrýjaða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar er því lýst að málið varði útfyllingu á leikskýrslu fyrir leik KR og Fylkis í Lengjudeild kvenna sem fram fór þann 12. maí sl. Leikskýrsla leiksins var útfyllt af hálfu beggja liða, hún undirrituð og forskráð á vef KSÍ. Fram kemur að tæpri klukkustund fyrir upphaf leiksins hafi Fylkir gert breytingu á leikskýrslu vegna varamannsins, Söru Daggar Árnadóttur sem hafi verið óleikfær. Í stað Söru Daggar hafi Birna Kristín Eiríksdóttir verið skráð sem varamaður á leikskýrslu hjá Fylki. Birna Kristín hafði áður verið skráð á sömu leikskýrslu í liðsstjórn hjá Fylki. Fram kemur í hinum kærða úrskurði fyrir liggja staðfesting frá dómara leiksins, Helga Edward Gunnarssyni, að breyting hafi verið tilkynnt dómara og færð inn á útprintað og undirritað eintak af leikskýrslu. Afrit af útprintaðri leiksskýrslu sem dómari vísar til sé

hluti af gögnum málsins. Dómari geti þess einnig í staðfestingu sinni að liðsstjóri KR hafi gert athugasemd við þetta að leik loknum þar sem Birna Kristín hefði fyrir breytingu á leikskýrslu verið skráð í liðsstjórn hjá Fylki. Þá liggi fyrir að áður nefnd breyting á leikskýrslu hafi í fyrstu ekki verið birt með réttum hætti í gagnagrunni KSÍ.

III

Í greinargerð áfrýjanda fyrir áfrýjunardómstóli kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Í niðurstöðum sínum segir Aga- og úrskurðarnefnd

Ekki er um það deilt að tæpri klukkustund fyrir upphaf leiksins hafi Fylkir gert breytingu á leikskýrslu vegna varamannsins Söru Daggar Árnadóttur sem var óleikfær. Í stað Söru Daggar hafi Birna Kristín Eiríksdóttir verið skráð sem varamaður á leikskýrslu hjá Fylki. Birna Kristín hafði áður verið skráð á sömu leikskýrslu í liðsstjórn hjá Fylki.

Það er rétt sem segir að ekki sé um þetta deilt. Þegar leikskýrsla var fyllt upphaflega var hún undirrituð af fyrirsvarsmönnum beggja liða. Umrædd breyting átti sér stað eftir þá undirritun.

Þá segir Aga- og úrskurðarnefnd:

Í gögnum málsins liggur fyrir staðfesting frá dómara leiksins, Helga Edward Gunnarssyni, að breyting hafi verið tilkynnt dómara og færð inn á útprentað og undirritað eintak af leikskýrslu.

Þessi breyting var ekki kynnt fyrirsvarsmönnum liðanna fyrir leik. Er því óljóst hvenær nákvæmlega breytingin var gerð. Fyrir leik, í hálfleik eða eftir leik. Áfrýjanda er það aðeins ljóst að breyting var gerð á leikskýrslu.

Aga- og úrskurðarnefnd segir næst

Um gerð leikskýrslu er vísað til í 9. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Í ákvæðinu er ekki að finna leiðbeiningar um breytingar á leikskýrslu í aðdraganda knattspyrnuleikja. Hins vegar segir í grein. 1.4. í reglugerðinni að stjórn KSÍ geti sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök mót og framkvæmd leikja. Í Handbók leikja 2023, sem samþykkt var af stjórn KSÍ í samræmi við fyrrnefnda grein 1.4. er fjallað um skráningu úrslita og leikskýrslu. Þar segir um breytingu á leikskýrslu, í tilviki varamanna, eftir að útfyllingu er lokið, skýrslan undirrituð og skilað til dómara að geti einhver varmannna ekki leikið vegna óvæntra meiðsla/veikinda skuli strikað yfir nafn varamanns á leikskýrslu og í hans stað færa inn leikmann sem ekki var skráður á upphaflega leikskýrslu.

Áfrýjandi fellst á að upplýsingar um breytingar á leikskýrslu megi finna í Handbók leikja og að stjórn KSÍ geti sett þessar reglur.

Þá segir Aga- og úrskurðarnefnd

Því verður ekki annað séð en að við breytingu þá sem gerð var á leikskýrslu af hálfu Fylkis hafi leiðbeiningum í Handbók leikja 2023 verið fylgt. Hvorki Handbók leikja 2023 né reglugerð KSÍ um knattspyrnumót standa í vegi fyrir því að einstaklingur sem skráður hefur verið í liðsstjórn á leikskýrslu geti með breytingu fyrir upphaf leiks verið skráður sem varamaður, enda aðeins gert ráð fyrir því að í stað varamannsins komi einstaklingur sem ekki hafi verið skráður meðal leikmanna á upphaflegu leikskýrsluna.

Áfrýjandi hafnar þessari túlkun Aga- og úrskurðarnefnd. Það er í reynd gert ráð fyrir því að einstaklingur, hvort heldur sem varamaður eða byrjunarliðsmaður, sem færður er af leikskýrslu geti ekki setið á

varamannabekk liðsins. Áfrýjandi ætlar að hugtakið varamannabekkur taki til þess að sitja með liðsstjórn og settum varamönnum. Viðkomandi leikmaður skal þá fara upp í stúku og verður á engan hátt þátttakandi í leiknum á annan hátt en sem áhorfandi. Á sama hátt ætlar áfrýjandi að ekki sé hægt að breyta stöðu þeirra sem tilkynntir hafa verið í liðstjórn þannig að þeir skyndilega fái stöðu sem leikmenn. Fylkir tilkynnti byrjunarleikmenn sína. Fylkir tilkynnti varamenn sína og Fylkir tilkynnti liðsstjórn sína fyrir leikinn gegn áfrýjanda. Forfallaðist einhver leikmaður hvort heldur sem er varamaður eða byrjunarliðsmaður var félaginu heimilt að gera breytingar. Eftir atvikum að kalla inn nýjan leikmann.

Tiltekið er í Handbók leikja 2023 að í stað þess sem forfallast komi leikmaður sem ekki er skráður á upphaflegu skýrsluna. Áfrýjandi ætlar að Fylkir hafi verið búíð að tilkynna hlutverk allra í leiknum með áritun á leikskýrslu. Þá telur áfrýjandi að í ljósi aðstæðna að Fylki hafi aðeins verið tvær leiðir tækar. Að kalla inn í hópinn leikmann sem ekki var á leikskýrslu eða þá að spila aðeins með sex varamenn.

Áfrýjandi telur að Fylkir hafi ekki getað breytt stöðu liðsstjóra á þann hátt að gera hann að leikmanni. Áfrýjandi ætlar að leyfist slík framkvæmd þá gjaldfelli það umgjörð leikja, feli í sér viðvaningshátt og opni á þann möguleika að breyta leikskýrslum eftir hentugleik.

Þá telur áfrýjandi að Aga- og úrskurðarnefnd misskilji hugsunina um að vera hlutgeng til þátttöku í umræddum leik. Birna Kristín Eiríksdóttir hefði alltaf getað spilað þennan leik sem leikmaður. En Fylkir ákvað að stilla henni upp sem liðstjóra og valdi henni það hlutverk. Fylkir hafði enga heimild til þess að breyta hlutverki hennar frá leikskýrslu með þeim hætti sem þeir gerðu. Perry McLachlan þjálfari KR gerði strax athugasemdir við innáskiptingu liðsstjórans og benti á að þetta fyrirkomulag gengi ekki upp.

Áfrýjandi hefur engar forsendur til þess að veða og/eða meta hvort að kerfi KSÍ hafi virkað eða ekki. Enda telur áfrýjandi það engu máli skipta. Áfrýjandi bendir á að leikskýrslu var skilað inn. Leikskýrslan sem prentuð var út og skilað inn með undirritun fyrirliða og fyrirsvarsmanna var eins og sú sem var að finna á vef KSÍ. Enginn á vegum KR var látinn vita um breytingar Fylkis eða staðfesti heimild þeirra eða samþykki til slíkra breytinga.

Áfrýjandi tekur undir skrif dómara um að Fylkir hafi ekki mátt skrá liðstjórnann Birnu Kristínu inn sem varamann þar sem hún var þá þegar skráð á skýrsluna. Hvort hér séu mannlegum mistökum til að dreifa eða þekkingarleysi umsjónaraðila á reglum KSÍ má einu gilda. Reglur eru reglur og eftir þeim skal spila leikinn. Aga- og úrskurðarnefnd er uppálagt það eitt hlutverk að dæma eftir reglum KSÍ og lögum. Það er ljóst að Birna Kristín var ólöglegur leikmaður Fylkis umrætt sinn. “

IV

Í greinargerð frá varnaraðila sem barst til áfrýjunardómstóls kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Vert er að halda til haga að við undirbúning leiks liðanna þann 12. maí sl. var forskráð leikskýrsla liðs Fylkis send inn á rafrænan hátt hjá KSÍ eins og krafist er af KSÍ. Þar var tiltekið að varamaður væri nr. 6, Sara Dögg Áspórsdóttir. Um klukkustund fyrir leik mat sjúkraþjálfari Fylkis að framangreindur leikmaður, Sara Dögg væri ekki leikhæf sökum meiðsla og þurfti hún því að hætta við þátttöku í leiknum. Þjálfari Fylkis gerði þá breytingu á leikskýrslu á vef KSÍ, þurfti að gera einhverjar 2-3 tilraunir til að ná henni rétttri. Tókst að breyta leikskýrslunni, og var það athugað á vef KSÍ, ksi.is, þar sem breyting hafði skilað sér þar inn.

Þá var haft samband við dómara leiksins um 50 mínútum fyrir upphaf leiksins og honum tjáð að breyting yrði gerð frá rafrænni leikskýrslu og að nr. 17., Birna Kristín Eiríksdóttir tæki stöðu hennar sem varamaður í leiknum, en Birna hafði verið skráð sem liðsstjóri og með töluna 17, sem

slíkur enda boðuð til leiksins sem 19 maður hópsins. Dómari leiksins samþykkti að sjálfsögðu þá breytingu og var strikað yfir nafn leikmanns nr. 6, Söru Daggar, og fært inn nafn Birnu Kristínar nr. 17. Dómari leiksins, Helgi Edvard Gunnarsson, samþykkti þá breytingu án athugasemda.

Svo virðist sem, vegna einhverra tæknilegra örðugleika á heimasíðu KSÍ, að breyting á skráningu á leikskýrslu framkvæmd af þjálfara Fylkis, hafi aftur fæst í fyrra horf. Dómari leiksins færðu sjálfur inn breytingu á hinni skriflegu leikskýrslu, eins og fram hefur komið og óumdeilt er, þar sem nr. 17, Birna Kristín var færð inn sem varamaður og kom inn á leikvöllinn á 85 mínútu eins og leikskýrsla dómara greinir. Leikmaður nr. 17, Birna Kristín Eiríksdóttir er leikmaður Fylkis og skráð sem slíkur.

Engar athugasemdir voru gerðar fyrir leikinn af hálfu dómara enda fyllilega heimilt að breyta skýrslunni fyrir leik, áður en skýrsla er endanlega afhent dómara leiks, sbr. ákvæði Handbókar leikja 2023. Þar sem strikað var yfir nafn Söru Daggar og Birnu Kristínar sett þar í staðinn uppfyllti leikskýrsla þau formsatriði að varamenn væru 7 á leikskýrslunni og ekki fleiri en það. Birna Kristín var því löglegur leikmaður Fylkis í leiknum. Engar breytingar voru gerðar á leikskýrslu eftir að leikur hófst. Með vísan til ofangreinds hafnar Knattspyrnudeild Fylkis því alfarið að hafa með nokkru móti gerst brotlegt við framkvæmd leiksins.“

V

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirliggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 13. júní 2023. Með honum var kröfum áfrýjanda hafnað og voru úrslit í leik KR og Fylkis, sem fram fór þann 12. maí 2023, látin standa óhögguð.

Dómurinn tekur undir forsendur í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um að ágreiningslaust sé að Fylkir hafi gert breytingu á leikskýrslu vegna varamannsins, Söru Daggar Árnadóttur sem var óleikfær. Í stað Söru Daggar hafi Birna Kristín Eiríksdóttir verið skráð sem varamaður á leikskýrslu hjá Fylki. Birna Kristín hafði áður verið skráð á sömu leikskýrslu í liðsstjórn hjá Fylki. Því til stuðnings liggur fyrir dómnum útprintað eintak af leikskýrslu í umræddum leik KR og Fylkis í Lengjudeild kvenna sem lagt var fram af dómara leiksins. Áfrýjandi vísar til þess í greinargerð sinni að óljóst sé hvenær sú breyting hafi átt sér stað. Að mati dómsins verður ekki annað ráðið af gögnum málsins, þ.á.m. framburði frá dómara leiks og greinargerð varnaraðila, en að breyting á leikskýrslu hafi átt sér stað tæpum klukkutíma fyrir leik.

Að mati dómsins verður að horfa til fyrirmæla í Handbók leikja 2023 vegna breytinga á leikskýrslu knattspyrnuleikja í mótum á vegum KSÍ. Fyrirmæli í Handbók leikja 2023 kveða að meginreglu á um að bæði lið þurfi að fylla út leikskýrslu, prenta hana út, undirrita og afhenda dómara leiksins eigi síðar en 45 mínútum fyrir leik. Í undantekningartilvikum megi gera breytingar á útfylltri leikskýrslu, en það á aðeins við ef einhver byrjunarliðsmanna eða varamanna getur ekki leikið vegna óvæntra meiðsla/veikinda. Við slíka breytingu á varamönnum skal strika yfir nafn varamanns og í stað varamanns skal koma leikmaður sem ekki var skráður á upphaflegu leikskýrsluna. Dómurinn lítur svo á að fyrirmæli í Handbók leikja komi ekki í veg fyrir að einstaklingur sem áður var skráður í liðsstjórn á leikskýrslu taki stöðu varamanns við óvænt meiðsli/veikindi leikmanns og telur dómurinn að breytingin hafi verið í samræmi við fyrirmæli í Handbók leikja 2023.

Með vísan til þessa og að öðru leyti með vísan til forsendna í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ er hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur

Dómsorð:

Staðfestur er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 8/2023

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]